



Samstarfssamningur vegna hátíða í Borgarbyggð

Borgarbyggð og Hollvinasamtök Borgarness

Borgarbyggð, kt 510694-2289, Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi og Hafþór Gunnarsson f.h. Hollvinasamtaka Borgarness, kt. 620709-0500, Egilsgata 8, 310 Borgarnesi gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr. Tilgangur, forsendur og meginmarkmið

Tilgangur með samningi þessum er að tryggja rekstur hátíðar árið 2023. Meginmarkmið samningsins er að tryggja menningararfleifð hátíða í Borgarbyggð ásamt því að efla jákvæða ímynd Borgarbyggðar sem ferðamannastað bæði á Íslandi sem og á erlendri grund.

Samningur þessi er byggður á grundvelli reglna um samstarfssamning vegna hátíða í sveitarfélaginu og er það atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd sem tekur ákvörðun um samstarfssamning á grundvelli fyrirbyggjandi umsókna ár hvert.

2. gr. Upphæð styrksins

Upphæð styrksins nemur 400.000 kr. – fjögurhundruðþúsundkrónur.

3. gr. Skyldur viðburðahaldara

Viðburðahaldari skuldbindur sig til að:

- Sjá um hátíðina að öllu öðru leyti, en fram kemur í 4. gr. þessa samnings.
- Sjá alfarið um skipulagningu hátíðarinnar, fjármögnun, markaðssetningu og annað utanumhald sem kemur að framkvæmd hátíðarinnar.
- Sjá alfarið um alla gæslu á viðburðasvæði/svæðum og semur við aðila um að annast þann þátt.
- Sjá alfarið um sjúkra- og slysavaktir sem og við viðurkennda aðila sem mun annast þann þátt.
- Leggja fram kostnaðaráætlun 30 daga áður en hátíðin hefst.
- Leggja fram fjárhagslegt uppgjör eigi síðar en 4 mánuðum eftir að hátíðin fer fram.

HIG DT



4. gr. Skyldur Borgarbyggðar

Borgarbyggð skuldbindur sig til að:

- a) Leggja fram vinnuframlag samskiptastjóra Borgarbyggðar, allt að fjórar klukkustundir.
- b) Aðstoð við markaðssetningu, felur í sér eftirfarandi:
 - I. Auglýsa viðburðinn á netmiðlum sveitarfélagsins.
 - II. Auglýsa staka dagskráliði eftir því sem þurfa þykir.
- c) Aðstoð við kynningarefni, felur í sér eftirfarandi:
 - I. Viðburðahaldarar geta notað prentaðstöðu ráðhúss Borgarbyggðar svo lengi sem það truflar ekki almenna starfsemi hússins. Samskiptastjóri metur prentmagn í samræmi við þörf.
- d) Láta í té starfskrafta fyrir uppsetningu og aðrar framkvæmdir sem þurfa þykir fyrir hátíðina, allt að átta klukkustundir. Samskiptastjóri hefur milligöngu þess efnis og viðburðahaldarar hafa ekki heimild til þess að biðja aðra en hann um leyfi fyrir starfskraft frá sveitarfélaginu.

5. gr. Gildistími

Samstarfssamningur þessi gildir einungis fyrir árið 2023, nánar tiltekið 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2023 og skal endurskoða að ári liðnu.

6. gr. Annað

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Samningur þessi skal undirritaður í votta viðurvist.

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdóm Vesturlands í Borgarnesi.

Samningur þessi er undirritaður og samþykktur með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar Borgarbyggðar.

HIG SR



BORGARBYGGÐ

Borgarnesi, 25. janúar 2023

Hafþóe Ingi Gunnasson

F.h. hátíðarinnar



F.h. Borgarbyggðar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun

Maína Neves 2408910-3809

Hafþulhildur Þorjóna 131073-3489